

Fréttapistill frá forseta Íslands

18. október 2021

Nýliðin vika var annasöm og einkenndist meðal annars af erlendum gestakomum og stærri viðburðum en tíðkast hafa um langa hríð. Segja má að þetta sé til vitnis um að við séum að losna úr viðjum veirunnar. Við getum nú haldið hér viðburði og komið saman hömlulaust eða því sem næst, þótt enn sé sjálfsagt að sinna eigin sóttvörnum og sýna aðgát. Að sama skapi er brýnt að nýta áfram þann lærdóm sem við drógum af heimsfaraldrinum, leitast við að sýna ráðstefnur og aðra viðburði einnig á netinu þannig að fólk geti notið þeirra annars staðar og komast hjá því að leggjast í tíma- og orkufrek ferðalög til að sitja einn fund eða flytja eitt erindi.

Knattspyrnukappi frá Liverpool

Síðastliðinn sunnudag tók ég á móti nokkrum fulltrúum Liverpool-klúbbsins á Íslandi og knattspyrnukappanum Steve McManaman. Hann var heiðursgestur á árshátíð klúbbsins sem hefur gjarnan látið gott af sér leiða á sviði góðgerðarmála. McManaman kom hingað til lands með konu sinni, lögfræðingnum og lagakennaranum Victoria Edwards, og börnum þeirra þremur, Ella, Lara og Lucas.

Sendiherra Frakklands

Á mánudaginn var tók ég á móti nýjum sendiherra Frakklands á Íslandi, Sophie Laszlo. Við ræddum samskipti Íslands og Frakklands í áranna rás, og sameiginlega sýn stjórnvalda í löndunum tveimur í mikilvægum málum. Síðan tókum við hjónin á móti embættismönnum og öðrum sem eiga í samskiptum við Frakkland.

Rannsóknaráð Grænlands

Síðastliðinn þriðjudag fékk ég í heimsókn hingað til Bessastaða féлага í Rannsóknaráði Grænlands (Ilisimatusarnermik Siunnersuisoqatigiit, Grønlands Forskningsråd). Á fundinum voru einnig fulltrúar Rannís, Ágúst Hjörtur Ingþórsson, Egill Þór Níelsson og Þorsteinn Gunnarsson. Liðsmenn ráðsins heimsóttu stofnanir og háskóla hér á landi með samstarf í huga og sóttu jafnframt ráðstefnuna Hringborð Norðurslóða. Við ræddum mikilvægi þess að Íslendingar og Grænendingar auki samstarf sitt á sviði rannsókna, menntunar og nýsköpunar, ekki síst á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda sem þjónar hagsmunum heimamanna vestra.

Friðrik krónprins af Danmörku

Síðar þennan dag kom Friðrik krónprins af Danmörku í stutta heimsókn hingað til lands og kynnti sér grænar lausnir í orkumálum ásamt sendinefnd frá Dansk Industri, samtökum iðnaðarins þar ytra. Krónprins sat boð okkar hjóna á Bessastöðum ásamt föruneyti sínu og fulltrúum íslenskra fyrirtækja og stofnana sem hann heimsótti. Við Eliza hittum Friðrik krónprins og Mary krónprinsessu í Kaupmannahöfn fyrir skemmstu þegar við sóttum World Pride þar, alþjóðahátíð hinsegin samfélagsins. Borðræðu mína í kvöldverðinum má lesa hér:

https://www.forseti.is/.../frederik_kronprins_bordraeda... Morguninn eftir sóttum

við krónprinsinn svo málþing um grænar lausnir í orkumálum í húsakynnum Grænvangs í hugmyndahúsinu Grósku í Reykjavík. Krónprins hélt síðan í Hellisheiðarvirkjun og hittumst við á ný um borð í danska varðkipinu Triton í Reykjavíkurbær. Niels Pind skipherra fræddi okkur þar um eftirlitsstörf þess á norðurslóðum og gaman var að heyra hve mjög hann rómaði liðsmenn Landhelgisgæslu Íslands og allt samstarf við Gæsluna.

Ferðamálaráðstefna

Fimmtudaginn 14. október flutti ég opunarávarp á ferðamálaráðstefnunni What Works Tourism 2021 í Reykjanesbæ. Síðar um daginn flutti Eliza einnig erindi þar. Þá var ég kominn í Hörpu á setningarathöfn Hringborðs Norðurslóða sem Ólafur Ragnar Grímsson á veg og vanda af.

The Arctic Circle

Nicola Sturgeon, forsætisráðherra Skotlands, var meðal gesta á Hringborði Norðurslóða. Föstudaginn 15. október átti ég hádegisverðarfund með henni og var fróðlegt og uppörvandi að heyra um framtíðarsýn hennar fyrir hönd þjóðar sinnar. Skotar eru grannþjóð okkar og er mikilvægt að efla við þá samskipti á ýmsum sviðum. Fleiri Hringborðsgestir komu til fundar við mig þennan dag. Virginijus Sinkevičius er framkvæmdastjóri útvegs- og umhverfismála hjá ESB og ræddum við orkustefnu ESB, sjónarmið sambandsins í málefnum norðurslóða og bláa hagkerfið, samheiti yfir sjálfbærni og umhverfissjónarmið við nýtingu auðlinda hafsins. Fund okkar sátu einnig Lucie Samcová-Hall Allen, sendiherra ESB á Íslandi, og embættismenn í föruneysi Sinkevičius. Þá átti ég fund með öldungadeildarþingmönnum Lisu Murkowski frá Alaska og Sheldon Whitehouse frá Rhode Island. Við ræddum stefnu bandarískra stjórnvalda í umhverfismálum og væntanlega loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow í Skotlandi.

Christina Lamb

Síðastliðið föstudagskvöld hlotnaðist okkur Elizu sá heiður að taka á móti merkur gestum sem sinnt hefur því nauðsynlega en sára hlutverki að skrá sögur kvenna sem hafa mátt þola hrikalegar þjáningar í stríðsátökum víða um heim. Christina Lamb heitir hún, ritstjóri erlendra fréttanna hjá The Sunday Times og margverðlaunaður rithöfundur. Hún tók þátt í málþingi UN Women í Veröld – húsi Vigdísar í tilefni af útgáfu nýjustu bókar hennar, Líkamar okkar, þeirra vígvöllur, sem afhjúpar hvernig nauðgunum er kerfisbundið beitt sem stríðsvopni í nútímaátökum.

Viðtal við kanadíska sjónvarpsstöðina CBC

Síðastliðinn föstudag ræddum við Eliza við fulltrúa kanadíska sjónvarpsstöðvarinnar CBC um loftslagsmál og sjónarmið íslenskra stjórnvalda í þeim efnum. Eliza sagði einnig frá reynslu sinni af því að flytja hingað til Íslands og til Bessastaða.

Landsþing Kvenfélagasambands Íslands

Síðastliðið föstudagskvöld sátum við Eliza hátíðarsamkomu Kvenfélagasambands Íslands í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Sambandið hélt um nýliðna helgi landsþing sitt í Borgarnesi og var viðburðurinn hluti þess. Ég flutti ávarp og þakkaði kvenfélagskonum um land allt þeirra drjúgu verk í þágu samfélagsins, störf í

heimabyggð og framlög til góðgerðarmála sem muni svo sannarlega um. Svo nutum við hjónin leiðsagnar um sögusýningu og Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri. Það safn er heldur betur skemmtilegt.

Mýrin, barna- og unglingsbókmenntahátíð

Síðdegis á laugardag tók ég á móti gestum Mýrarinnar, alþjóðlegrar barna- og unglingsbókmenntahátíðar sem haldin var í Norræna húsinu í Reykjavík. Fjöldi viðburða var á þeirri hátíð, fyrirlestrar og samræður, upplestrar og sögustundir. Þau, sem tóku þátt í hátíðinni, komu frá ýmsum löndum utan Íslands, einkum þó annars staðar frá Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum þremur. Mýrin, sem er haldin annað hvert ár, átti að fara fram í fyrra en frestaðist vegna heimsfaraldursins.

Er þá flest upp talið af opinberum viðburðum nýliðinnar viku. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.